

Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á ýmsum lögum vegna tilfærslu verkefna innan Stjórnarráðs Íslands.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar (SVÓ, AtlG, SII, ÁsmD, RM, ÞrB).

1. Við 1. gr.
 - a. A-liður orðist svo: Í stað orðanna „dóms- og kirkjumálaráðuneyti“ í 1. mgr. kemur: dómsmála- og mannréttindaráðuneyti, efnahags- og viðskiptaráðuneyti.
 - b. D-liður orðist svo: Í stað orðanna „utanríkisráðuneyti og viðskiptaráðuneyti“ í 1. mgr. kemur: og utanríkisráðuneyti.
2. Við 7. gr. B-liður orðist svo: Í stað orðsins „framfarastofnunarinnar“ í 1. gr. laganna og í heiti laganna kemur: framfarastofnunar.
3. Við bætist nýr kafli er verði X. kafli, **Breyting á lögum um lögbann og dómsmál til að vernda heildarhagsmuni neytenda, nr. 141/2001**, með einni nýrri grein, svohljóðandi:

Í stað orðsins „Viðskiptaráðuneytið“ í 1. mgr. 3. gr. laganna kemur: Dómsmála- og mannréttindaráðuneytið.
4. Við bætist nýr kafli er verði XVII. kafli, **Breyting á lögum um neytendalán, nr. 121/1994**, með einni nýrri grein, svohljóðandi:

Í stað orðsins „Viðskiptaráðherra“ í 21.–23. gr. laganna kemur: Efnahags- og viðskiptaráðherra.
5. Við 50. gr. A-liður orðist svo: Í stað orðsins „Fjármálaráðherra“ í 42. gr. og 1. másl. 3. mgr. 43. gr. laganna kemur: Efnahags- og viðskiptaráðherra.
6. 66. gr. falli brott.